



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Starfsáætlun Ægisborgar

2025– 2026



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

|       |                                                                              |    |
|-------|------------------------------------------------------------------------------|----|
| 1     | Greinargerð leikskólastjóra .....                                            | 3  |
| 2     | Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 .....                          | 5  |
| 2.1   | Innra mat.....                                                               | 5  |
| 2.2   | Ytra mat.....                                                                | 7  |
| 2.2.1 | Foreldrakönnun .....                                                         | 7  |
| 2.2.2 | Starfsmannakönnun .....                                                      | 9  |
| 3     | Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 -sameiginlegir þættir .....               | 11 |
| 4     | Innra mat deilda 2024-2025 .....                                             | 14 |
| 4.1   | Innra mat Kots.....                                                          | 14 |
| 4.2   | Innra mat Fjörudeildar .....                                                 | 17 |
| 4.3   | Innra mat Bárudeildar .....                                                  | 19 |
| 4.4   | Innra mat Öldudeildar.....                                                   | 21 |
| 4.5   | Innra mat Sérkennsludeildar .....                                            | 26 |
| 5     | Umbótaáætlun 2024-2025 .....                                                 | 29 |
| 6     | Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans. .... | 29 |
| 7     | Samstarf við grunnskóla og frístund.....                                     | 29 |
| 8     | Foreldrasamvinna .....                                                       | 30 |
| 9     | Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                                     | 31 |
| 10    | Fylgiskjöl .....                                                             | 32 |



## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið fór yndislega af stað. Það einkenndist af kjörnuðum starfsháttum samtaka starfshóps í bland við nýja og reynsluminni starfsmenn. Fagmennska og gleði lýsti veginn og stjórnendur í Ægisborg voru sammála um að leikskólinn legði á veturinn í góðum málum faglega og ekki síður ef horft var til starfsanda. Þróunarverkefnið okkar *Leikur, nám og gleði* setti svip sinn á starfið og beindi sjónum enn frekar að því hvernig leikur getur verið aðalnámsleið barna en í verkefninu er sérstaklega horft á hlutverk kennarans í leikaðstæðum. Sænsku Múmínkennararnir, eins og börnin kölluðu þær Ulrike og Johanna, komu á haustdögum og María Halldóra og Lilja héldu utan til Stokkhólms í apríl. Verkefni sem þetta gefur leikskóla mikið fóður til faglegrar umfjöllunar og sjálfsskoðunar.



*Pistlahöfundur á ráðstefnu RANNUNG*

Vinna við endurskoðun námskrár hélt áfram á liðnum vetri og nokkur skref stigin í átt að endurnýjun hennar og er nú þegar margt af því sem hefur verið rætt um að breyta eða bæta við komið inn í hefðir og vinnu leikskólans. Nægir að nefna aukna áhersla á sjálfsprottinn leik barna, inngildingu og sjálfseflingarvinnu, græn skref og foreldrakaffi.

Vegna óvenju fjölmennra árganga voru Báru- og Fjörudeild með sama aldur í vetur, en börnin dreifðust á deildirnar nokkuð jafnt eftir aldri. Í mati á vetrarstarfi hefur verið horfið frá slíkri tilhögun og næsta vetur munu þær deildir vera eins aldurshreinar og hægt er. Ræður þar félagaval og viðfangsefni miklu en samstarf þessara deilda verið náið og barnahópurinn grætt mikið á flæði þeirra á milli. Svona atriði geta haft mikil áhrif á skólastarfið og því nauðsynlegt að vanda til verka í skipulagi.

Í febrúar gekk mikið óveður yfir landið og leikskólann! Í veðrinu flæddi vatn í gegnum sprungur í veggjum leikskólans og inn í matsal. Þá þurfti í kjölfarið að loka honum og gera veið með tilheyrandi



Blöðruleikur í KR

ryki og veseni. Við það, varð Auður leikskólastjóri veik, svo hún þurfti að yfirgefa starfstaðinn, þar sem hún fann fyrir einkennum sem mátti tengja raka og eða myglu. Þá var verkferill Reykjavíkurborgar virkjaður þessu tengt og mældist mygla í leikskólanum. Þetta hefur haft gríðarleg áhrif á innra starf leikskólans, fyrir utan ytra rask. Auður

þurfti að yfirgefa skútuna og síðan hefur undirritaður hlaupið í skarðið sem leikskólastjóri. Er það skarð sem erfitt er að fylla og væri ekki gerlegt nema með góðri hjálp glöggra deildarstjóra og annarra ljúfra Ægisborgara. Tveir aðrir starfsmenn þurftu að hverfa frá staðnum vegna veikinda og í ofanálág reyndist á tímabili erfitt að fá fólk til starfa. Því má segja að Ægisborgin hafi fengið á sig brotsjó en samhent starfsfólk og sterkar hefðir ásamt mögnuðum foreldrahópi, hafa tekið þessu með jafnaðargeði og er nú beðið eftir því að fá annað húsnæði sem við getum verið í meðan gert verður við Ægisborgina. Vonandi fáum við þá okkar ágætu Ægisborg í toppstandi eftir það.

Tvö stór verkefni bíða vetrar. Annað er að viðgerðin á húsi Ægisborgar. Hitt snýr að því að hlúa að leikheimi barna og námi í nýjum og krefjandi aðstæðum og halda í gildi og hefðir Ægisborgar þar. Það mun reyna á starfshópinn en örugglega fara vel. Þótt gefi á bátinn siglum við.

Allir Ægisborgarar, stórir og smáir, bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári. Leikskólasamfélagið í Ægisborg hlakkar til að takast á við spennandi verkefni á komandi starfsári.

-Ási



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

### 2.1 Innra mat

Hér fara á eftir niðurstöður innra mats sem fór fram á matsfundi í maí 2025. Allir fimm deildarstjórar ásamt leikskólastjóra komu að matinu. Sónarfæri eru í að skapa breiðari grunn mats í Ægisborg með matsteymum á skipulagsdegi og aðkomu barna að mati. Foreldrar koma beint og óbeint að mati með foreldrakönnun og rýni foreldraráðs.

| INNRA MAT UMBÓTAÞÁTTA       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|-----------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hvað var metið?             | Endurskoðun námskrár Ægisborgar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Hvernig fór matið fram?     | Á matsfundi á vordögum 2025                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| Hverjir tóku þátt í matinu? | Stjórnendur (deildarstjórar og leikskólastjóri)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Helstu niðurstöður mats     | Vinna við endurskoðun á námskrá Ægisborgar hófst í fyrravetur með hliðsjón af nýju áherslum í <i>Aðalnámskrá leikskóla 2023</i> . Sérstaklega var rýnt í hugtökin <i>sjálfsprottinn leikur barna, inngilding og fullgildi</i> . Áfram var haldið með endurskoðun skólanámskrár en vinnu var ekki lokið á vordögum þegar önnur verkefni tóku yfir. Beinagrind hinnar endurskoðuðu námskrár er klár, en eftir er að fullvinna fáeina þætti eins og t.d. fræðilega hluta námskrárinnar. Styrkleikar: Góður grunnur í gömlu námskránni. Tækifæri: Lítið þarf til að klára verkið. |
|                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Hvað var metið?             | Leikur, nám og gleði, Erasmus+ samstarfsverkefni Ægisb. ásamt 3 íslenskum leikskólum og 4 sænskum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Hvernig fór matið fram?     | Matsfundur í maí 2025 að afloknu verkefni                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Hverjir tóku þátt í matinu? | Stjórnendur (deildarstjórar og leikskólastjóri)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
| Helstu niðurstöður mats     | Það gekk eftir að halda áfram að víkka út leikheim barna tengt múmínsögunum og skráningar rötuðu í möppur barnanna. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu Rannung,                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |





|                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|-----------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                             | Viltu koma að leika? Þar var haldið erindi um sameiginlegan leikheim barna og kennara. Í ágúst er ætlað að kynna verkefnið á stórrí evrópskri ráðstefnu í Bratislava (EECERA), sem fjallar um nám og kennslu ungra barna.                                                                                                       |
|                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Hvað var metið?             | Þekking á birtingarmyndum ofbeldis.                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Hvernig fór matið fram?     | Á matsfundi á vordögum 2025                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Hverjir tóku þátt í matinu? | Stjórnendur (deildarstjórar og leikskólastjóri)                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Helstu niðurstöður mats     | Markmiðið var að efla forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Ekki náðist að allir lykju námskeiði Barna- og fjölskyldustofu sem er á netinu en 7 starfsmenn hafa lokið því. Betur má ef duga skal. Tækifæri: Allir klári námskeiðið á netinu.                                                                       |
|                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Hvað var metið?             | Græn skref                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Hvernig fór matið fram?     | Á matsfundi á vordögum 2025                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Hverjir tóku þátt í matinu? | Stjórnendur (deildarstjórar og leikskólastjóri)                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Helstu niðurstöður mats     | Innleiðing grænna skrefa Reykjavíkurborgar hófst í vetur með skipan teymis grænna skrefa í Ægisborg. Fyrsta stig var stigið með kynningu nefndar á verkefnunum og skipulagningu endurvinnslu og orkusparnaðar. Mörg tækifæri eru til að stíga fleiri græn skref í Ægisborg.                                                     |
|                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Hvað var metið?             | Hljóðvist                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Hvernig fór matið fram?     | Á matsfundi á vordögum 2025                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Hverjir tóku þátt í matinu? | Stjórnendur (deildarstjórar og leikskólastjóri)                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Helstu niðurstöður mats     | Það gekk eftir að hluta að koma upp hljóðvistarplötum á Öldudeild og í matsal. Hljóðvistarplötur voru settar upp á Öldudeild og þær eru góð hjálp í átt til betri hljóðvistar. Starfsfólk fann góðan mun. Verkið var útvíkkað í samráði við umsjónarmann fasteigna og átti að setja upp á öllum deildum. Hljóðvistarplötur voru |






rétt að skríða upp í vetur á Öldudeildinni þegar framkvæmdir vegna matsalar hófust. Því var verið sett á bið þar til yrði ljóst hve mikið þyrfti að gera við leikskólann.

## 2.2 Ytra mat

### 2.2.1 Foreldrakönnun

Niðurstöður foreldrakönnunar sem framkvæmd var á útmánuðum gáfu starfi Ægisborgar góða umsögn. Um 77% svarhlutfall var í könnuninni en 48 af 62 foreldra úrtaki svöruðu. Skemmst er frá því að segja að það blæs byrlega í Ægisborgar. Heildar niðurstaða með ánægju foreldra af leikskólanum virðist mikil. Af skjáskotunum hér að neðan má sjá hæstu og lægstu þætti Ægisborgar í samanburði við meðaltal borgarinnar:



En af þessu má sjá að Ægisborg er vel yfir meðaltali borgarinnar og ánægja mikil. Það sem skorar hæst er einmitt heildaránægja með leikskólann og að foreldrar geta mælt með honum við aðra. Einnig er viðmót starfsfólks, stjórnun og öryggi barns ofarlega á lista. En víkjum að lægstu þáttum:



### Fimm lægstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík



Lægstu þættir eru í kringum meðaltal í Reykjavík, en þátturinn áhrif faliðunar er eitthvað boginn þar sem ansi fáir lentu í því í vetur og ekki víst að 2,4 sé verri útkoma en 3,0. Aðbúnaður í leikskólanum og vera opin fyrir því að fá ráð um uppeldi barns eru annars lægstu þættirnir. Okkur er kappsmál að hafa aðgang greiðan að skapandi efnivið og þurfum að bæta í þar.


Markmið starfshópsins í Ægisborg verður að viðhalda þessum góða skólabrag og þessari góðu upplifun foreldra með markvissum vinnubrögðum og bæta í þar sem það á við. Þessi útkoma hefði orðið allt önnur ef foreldrar og starfsfólk hafi ekki í sameiningu náð að skapa anda samvinnu sem byggist á jákvæðum skólabrag.



Litatilaun


## 2.2.2 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð í byrjun ár undir merkjum *Stofnunar ársins* á vegum Gallup/Sameykis, svo það var hægt að bera niðurstöður saman milli ára. Alls svöruðu 22 starfsmenn og Ægisborg var í 4. sæti af borgarreknum leikskólunum í sama stærðarflokki með 4,53 í heildareinkunn (af 5 mögulegum). Samanburð á þáttum Ægisborgar og annarra borgarstofnana má sjá hér að neðan.



Niðurstöður þessa árs vísa til góðra framfaraskrefta frá árinu á undan hvar heildartalan var 4,39 og því um bætingu að ræða upp á 0,14 stig milli ára. Starfsfólki Ægisborgar þótti niðurstöðurnar góð hvatning, en þó vakti athygli lítil ánægja með launakjör. Starfshópurinn var sammála um að hér væri kröfuhart fólk.

Þeir þættir sem hæst skoruðu snéru að ímynd, stjórnun og heildarupplifun, en þeir sem lægst snertu flestir laun sem starfsstaðurinn hefur afar takmarkað vald yfir sem slíkur en einnig sveigjanleika og hljóðvist. Sjá á eftirfarandi myndum.



Það sem álykta má af könnun

Gallups/Sameykis er að Ægisborg sé á góðum stað í starfsmannamálum. Vel þokast í rétta átt og má starfshópurinn vel við una, en vissulega eru þættir sem má bæta svo sem hljóðvist. Starfsfólk svaraði fyrir kjarasamningsgerð KÍ og sveitarfélag og kann það að hafa sett sitt mark á svörin. Forvitnilegt verður að sjá þann lið í næstu könnun.



Göngum yfir brúna

### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 - sameiginlegir þættir

Nokkuð margir umbótaþættir voru í starfsáætlun liðins árs og má sjá umfjöllun um þá í kaflanum hér á undan um innra mat. Út frá þeim og vegna annarra áherslna sem mótast hafa á liðnum mánuðum hefur starfsfólk Ægisborgar sett fram umbótaþætti komandi skólaárs. Þá má sjá í töflunni hér á eftir.



*Siðlfsmvnd*

| 1. Námskrá Ægisborgar                                           |                                                                                           |
|-----------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|
| Uppeldis- og menntastarf                                        | Útgáfa námskrár Ægisborgar                                                                |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Ljúka við ritun námskrár og gera aðgengilega á vef.                                       |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Taka saman fræðilega kafla námskrár. Faghópur Ægisborgar þarf að ákveða það í sameiningu. |
| Ábyrgð                                                          | Leikskólastjóri                                                                           |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í nóvember og lýkur í mars 2026                                                     |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Gæði námskrár metin af foreldraráði og starfsfólki Ægisborgar 4. maí.                     |
| Viðmið um árangur-                                              | Er námskráin komin út eður ei?                                                            |

| 2. Leikur, nám og gleði                                         |                                                                                                                           |
|-----------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Uppeldis- og menntastarf                                        | Sameiginleg þátttaka barna og fullorðinna í leikheimi.                                                                    |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Að þátttaka fullorðinna verði almennari í leikheimi sem börn og fullorðnir búa til sameiginlega.                          |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Þátttaka í verkefninu Leikur, nám og gleði.                                                                               |
| Ábyrgð                                                          | Leikskólastjóri og deildarstjórar.                                                                                        |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í október og lýkur í júní                                                                                           |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Meta á skipulagsdegi 4. Maí. Mat starfsfólks. Myndskráningar. Viðhorf barna og viðhorf fullorðinna til þáttökunnar skráð. |
| Viðmið um árangur                                               | Fjöldi þeirra sem tóku þátt og hve oft yfir veturinn.                                                                     |



| 3. Græn skref                                                   |                                                       |
|-----------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| Leikskólabragur                                                 | Umhverfismennt                                        |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Stíga næstu græn skref                                |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Innleiðing næsta skrefs af grænu skrefum borgarinnar. |
| Ábyrgð                                                          | Leikskólastjóri                                       |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í nóvember og lýkur í apríl 2026                |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Metið af matshópi á skipulagsdegi 4. maí.             |
| Viðmið um árangur-                                              | Hefur næsta skref verið stigið og hver er staðan?     |

| 4. Þekking á ofbeldi                                            |                                                                                                                                                      |
|-----------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mannauður                                                       | Að auka þekkingu á birtingarmyndum ofbeldis                                                                                                          |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Að allir starfsmenn Ægisborgar hafi lokið námskeiðinu <i>Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga</i> hjá Barna- og fjölskyldustofu |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Gefa starfsfólki tíma til að fara í gegnum fræðsluna.                                                                                                |
| Ábyrgð                                                          | Leikskólastjóri                                                                                                                                      |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í október og lýkur í febrúar 2026                                                                                                              |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Metið af leikskólastjóra í maí 2026                                                                                                                  |
| Viðmið um árangur-                                              | Hversu mörg % starfsfólks hefur lokið fræðslunni?                                                                                                    |

| 5. Sköpun                                                       |                                                                                                              |
|-----------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Uppeldis og menntastarf                                         | Gera sköpun hærra undir höfði í Ægisborg.                                                                    |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Aðgangur að skapandi efnivið verður til fyrirmyndar                                                          |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Færa efnivið í nærumhverfi barna og senda þeim skýr skilaboð um að það sé í þeirra umsjón og á þeirra valdi. |
| Ábyrgð                                                          | Deildarstjórar                                                                                               |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í október og lýkur í júní 2026                                                                         |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Metið af matshóp í maí 2026 og í foreldrakönnun.                                                             |
| Viðmið um árangur-                                              | Að mat starfsfólks sé að sköpun færist nær barni og foreldrakönnun bendi til þess.                           |



| 6. Starfsviðtöl                                                 |                                                                                                                                               |
|-----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mannauður                                                       | Starfsþróunarviðtöl                                                                                                                           |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Að allir hafi átt kost á að ræða við stjórnanda í Ægisborg (leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra) um starfið og framtíðina í Ægisborg. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Bjóða upp á viðtöl. Senda út undirbúningsblöð                                                                                                 |
| Ábyrgð                                                          | Leikskólastjóri                                                                                                                               |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í október og lýkur í maí 2026                                                                                                           |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Metið af leikskólastjóra í maí 2026. Mat starfsfólks í starfsmannakönnun.                                                                     |
| Viðmið um árangur-                                              | Hvert er hlutfall þeirra sem hafa rætt við stjórnanda.                                                                                        |

| 7. Viðgerðir á húsi                                             |                                                                                             |
|-----------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mannauður                                                       | Viðunandi starfsaðstaða                                                                     |
| Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?                | Að börn og starfsfólk í Ægisborg búi við viðunandi loftgæði í leikskólanum.                 |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?                 | Viðgerðir á núverandi húsnæði. Eignasvið og Umhverfis- og skipulagssvið sjá um framkvæmdir. |
| Ábyrgð                                                          | Leikskólastjóri                                                                             |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?                          | Hefst í október og lýkur í maí 2026                                                         |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið | Metið af leikskólastjóra í maí 2026. Mat starfsfólks á matsfundi í maí.                     |
| Viðmið um árangur-                                              | Gæði innilofts viðurkennd sem betri.                                                        |



Einbeiting

## 4 Innra mat deilda 2024-2025

### 4.1 Innra mat Kots

#### Greinargerð Lilju Jónsdóttur deildarstjóra.

Haustið 2024 voru 14 börn í Kotinu, 12 fædd 2022 og 2 fædd 2023. Vorið 2025 urðu breytingar á barnahópnum, 1 barn hætti og 2 fluttu yfir á Fjörudeild. Í staðinn byrjuðu 3 börn fædd 2023. Einnig urðu breytingar á starfsmannahópnum en Inga fór síðastliðið haust úr 100% vinnu í hálfstarf og lét af deildarstjórn. Undirrituð tók við af henni sem deildarstjóri. Þrír starfsmenn voru þá á fullu starfi og einn í hálfu en auk þess var stuðningur í 100% stöðu.

Það voru fastir liðir að venju í dagskipulagi Kots; morgunmat, útivera fyrir hádegi (og eftir hádegi með hækkandi sól) hádegismatur, hvíld og síðdegishressing. Hvíldin skiptist í tvo hópa eftir svefnþörf. Það eru tvær fastar samverustundir, önnur fyrir hádegismat þar sem við syngjum, förum með þulur og lesum bréf og hin eftir síðdegishressingu en þá er lesið.

Þetta ár voru jafn miklir lestrarhestar í Kotinu og í fyrra og voru lesstundirnar fastur liður sem mátti ekki sleppa. Börnunum var skipt í 2-3 hópa eftir aldri og áhuga og voru stundirnar mislangar. Börnin voru mjög dugleg að koma með bækur að heiman í vetur og einnig voru þau dugleg að koma með bréf.

Leikurinn var að sjálfsögðu í aðalhlutverki eins og alltaf en börnin velja sér leikefni eftir áhuga og var hann í flæði á milli fastra liða alla daga.

Ein breyting var gerð á skipulaginu þegar leið á vorið. Í Kotinu hafa matartímar ekki verið í flæði eins og á hinum deildunum en ákveðið var að breyta síðdegishressingunni og hafa hana flæðandi. Ástæðan fyrir breytingunum var að starfsfólki fannst vera mikill óróleiki og pirringur hjá börnum í þeim stundum, sum þurftu að borða mikið og önnur vildu bara drekka og fá sér ávaxtabita. Það var því eðlilega hundleiðinlegt að sitja í 20-30 mín og bíða meðan hinir kláruðu. Nú borða 5 börn í einu á meðan hin eru í leik. Það gefst líka tími til að æfa sig að hella sjálf í glös og skammta sér sjálf sem er gott fyrir næsta vetur þegar börnin fara yfir í hitt húsið. Þar eru matartímar í flæði og börn þurfa að vera meira sjálfbjarga. Starfsfólk deildarinnar var ánægt með þessa breytingu og börnin mjög dugleg að aðlagast henni.



*Lilja er hægra megin á myndinni*

Við höldum upp á dag íslenskrar tungu, hrekkjarvöku, jólin, Þorra, bolludag, sprengidag og öskudag, svo eitthvað sé upp talið. Við vorum með vasaljósadag, dótadaga, bangsadaga og náttfatadaga. Foreldrum var boðið bóndadags- og konudagskaffi og aðventukaffi í desember og maí. Eftir áramót buðum við foreldrum, líkt og hinar deildirnar, að staldra við milli 8-9 á fimmtudögum og fá sér kaffibolla og margir hafa nýtt sér það. Við stefnum að því að gera það næsta vetur frá og með nóvember. Í júní vorum við með vatnsviku, hreyfiviku og íþróttahátíð og það var mikið fjör og gleði. Sumarhátíð foreldrafélagsins var einnig í júní og var ótrúlega vel heppnuð. Öll börnin fædd 2022 fengu að fara í heimsóknir í KR með eldri deildunum sem var mjög skemmtilegt.

Kynningafundur deildarinnar var haldinn í október og foreldrasamtöl voru í nóvember og í mars. Deildarfundir voru alltof fáir í vetur og bætt verður úr því.

Í vetur höfum við haldið áfram að vinna að verkefninu *Leikur, nám og gleði* í samstarfi með leikskólanum Luxviken í Stokkhólmi. Líkt og í fyrra hefur undirrituð haldið utan um það starf ásamt Maríu Halldóru deildarstjóra Öldudeildar. Við höldum áfram að vinna með Múmínþema en skiptum um bók vegna áhuga barnanna á Morranum en hann er í stóru hlutverki í nýju bókinni *Ævintýri á Jónsmessunótt*. Frá byrjun var mikil áhugi hjá börnunum á verkefninu sem kom skemmtilega á óvart og hann jókst bara þegar leið á veturinn. Við vorum með nokkrar leikstundir úti fyrir öll börnin sem tókust mjög vel, og leikstundir inni fyrir minni hóp. Morrinn kom svo á Þorablótið. Við fengum bréf frá Luxviken og sendum þeim bréf. Við vorum dugleg að hengja upp myndir frá leikstundum sem jók og hélt við áhuga barnanna á verkefninu. Kennararnir frá Luxviken komu til okkar í október og við María fórum til þeirra í maí. Verkefnið hefur verið ótrúlega skemmtilegt og auðgandi fyrir starfið.

Einn af umbótaþáttum síðasta vetrar var að hafa fleiri leikstundir og mér finnst það hafa tekist nokkuð vel, en það má alltaf gera betur og er mikill áhugi að halda áfram með þetta verkefni. Seinni matsþáttur fyrir liðinn vetur var að allir gætu nýtt sér sjónrænt skipulag og hefur það tekist að nokkru leyti. Sjónrænt skipulag er á töflu í hæð barnanna og er mikið skoðað. Eins hafa kennarar verið með myndrænt skipulag um hálsinn og notað fyrir þau börn sem þess þurfa.



Pensildrættir



## Umbótaáætlun Kots fyrir næsta vetur

| Styrkleikar                                                                                                                           |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mannauður, leikur og leikgleði, umhyggja, mikil málrækt með lestri og söng, gleði og gott starfsumhverfi.                             |
| Tækifæri                                                                                                                              |
| Tækifæri til halda áfram og víkka út verkefnið <i>Leikur nám og gleði</i> . Gera allt starfsfólk að virkum þátttakendum í verkefninu. |

| Kot -yngsta deild. Börn 1,3-2,9 ára             |                                                                                    |
|-------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| Uppeldi og menntastarf                          | Leikurinn og hlutverk kennarans í leik                                             |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?        | Stefnt er að félagslegri sjálfbærni (leikgleði, inngilding, vellíðan, að tilheyra) |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Hafa skipulagðar leikstundir og kveikjur í umhverfi barnanna                       |
| Ábyrgð                                          | Deildarstjóri                                                                      |
| Hvenær hefst og áætluð lok?                     | Október 2025 – maí 2026                                                            |
| Hvenær og hvernig á að meta?                    | Á deildarfundum, skipulagsdögum, með skráningum.                                   |

| Kot -yngsta deild. Börn 1,3-2,9 ára             |                                                                                           |
|-------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|
| Stjórnun                                        | Deildarfundir                                                                             |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?        | Samræma starfsaðferðir starfsfólks og hvernig við nálgumst börnin, ræða skipulag deildar. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Tveir deildarfundir fyrir áramót og þrír eftir áramót                                     |
| Ábyrgð                                          | Deildarstjóri                                                                             |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?          | September 2025-maí 2026                                                                   |
| Hvenær og hvernig á að meta?                    | Í maí 2026. Fundir taldir og metnir.                                                      |
| Hvaða aðferðir á að nota við matið.             |                                                                                           |



## 4.2 Innra mat Fjörudeildar

### Greinargerð Fjörudeildar.

Greinargerðin verður stutt að þessu sinni þar sem deildarstjóranskipti urðu skyndilega í maí vegna ástands hússins. Eins og áður var margt á döfinni, allt frá hversdagslegum verkefnum eins og útiveru til einstakari viðburða eins og litlu jóla. Það setti sinn svip á starf deildarinnar að tiltölulega ung börn voru með eldri börnum. Eftir á að hyggja fer betur, ef hægt er, að hafa aldurs hreinni deildir. Sum barnanna þurftu til dæmis mun meiri svefn og umönnun en önnur. Jákvæði þátturinn var sá að eldri börnin fengu tækifæri til að upplifa það að vera getumikil og hjálpa hinum og þau yngri gátu séð hvernig hægt var að gera hlutina og lært af eldri fyrirmyndum.



*Leikið með ljós á Fjörudeild.*

Þeir þættir sem voru í umbótaáætlun fyrir liðinn vetur voru *Samstarf við Bárudeild, Múmínverkefnið og Fjölgun bréfa frá fjöltyngdum börnum*. Samstarfið við Bárudeild gekk mjög vel, sérstaklega miðað við í fyrra en þá var bara flæði einu sinni í viku. Núna er það svo oft að börnin verða ekki eins spennt og æst heldur orðið alvanalegt. Við komumst að því að yngri börnin sóttust ekki mikið í að leika við jafnaldra sína á hinni deildinni. Eldri leika mikið

saman, sem þýðir að það er gott að hafa sama aldur inni og úti á sama tíma. Erasmus+ verkefnið, að fjölga leikstundum og búa oftari til kveikju út frá Múmínleikheimnum, gekk ekki sem skyldi. Það var ekki mikill áhugi hjá deildarstjóra sem smitaðist óhjákvæmilega þannig til starfsmanna. Hins vegar gekk vel að fjölga bréfum fjöltyngdra barna og fengum við þá að kynnast þeim betur og höfðum efni til að tala um.

### Umbótaþættir Fjörudeildar fyrir 2025-2026

| Styrkleikar                                                 |
|-------------------------------------------------------------|
| Mikill leikur, söngur og sjálfsefning.                      |
| Tækifæri                                                    |
| Aldurshreinni deild og virkja nýtt fólk með nýjum áherslum. |

Umbótaþættir:

| Fjörudeild                                                                 |                                                                                  |
|----------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                                             | Uppeldis og menntastarf: Flæði                                                   |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>                            | Að flæði verði markvissara og það verði ákveðnar stöðvar með umsjón starfsfólks. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                     | Starfsfólk verði sett á stöðvar áður en flæði hefst.                             |
| <b>Ábyrgð</b>                                                              | Deildarstjórar þriggja deilda í stærra húsi.                                     |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                              | Ágúst 2025 – engin lok.                                                          |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?<br/>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> | Rætt í mati á starfi deilda á vormánuðum 2026.                                   |

| Fjörudeild                                                                 |                                                                                                                       |
|----------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                                             | Uppeldi og menntastarf: Listsköpun                                                                                    |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>                            | Listsköpun verði gert hærra undir höfði í daglegu starfi og börnin fái fleiri tækifæri til að skapa úr ýmsum efnivið. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                     | Gefa listsköpun tíma og rými í dagskipulagi.                                                                          |
| <b>Ábyrgð</b>                                                              | Deildarstjóri.                                                                                                        |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                              | Ágúst 2025 – maí 2026                                                                                                 |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?<br/>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> | Sjónræn skoðun á innviðum deildarinnar með tilliti til þess hvort aukning hefur orðið í listsköpun.                   |



Leikur á Fjörudeild

### 4.3 Innra mat Bárudeildar

Greinargerð Diljár Agnarsdóttur deildarstjóra Bárudeildar. Haustið 2024 hófst með 19

börnum á Bárudeild, 11 voru fædd 2020 og átta 2021. Þau voru öll að hefja sinn fyrsta vetur á Bárudeild. Sex barnanna komu úr Kotinu, fimm af Fjörudeild og átta úr öðrum leikskólum. Aðlögun gekk ágætlega en hægar en oft áður vegna fjölda nýrra barna í Ægisborg og hvernig hópurinn blandaðist úr mörgum áttum. Í febrúar flutti eitt og voru börnin 18 frá þeim tíma.

Starfsfólk deildarinnar hélst frá síðasta vetri en við bættist stuðningur með langveiku barni og starfsfólk sérkennslu. Síðla vors misstum við þó út leikskólakennara í hálfu starfi, sem hafði m.a. sinnt myndlist og haldið í gömul og góð gildi í leikskólastarfinu og verður það skarð seint fyllt.

Vegna fjölda barna með skilgreinda sérkennslutíma í 2020 árganginum var ákveðið að hafa Bárudeild og Fjörudeild jafnaldra deildir til að deila mannskapnum. Lagt var upp með að hafa þétt samstarf milli deilda og að árgangarnir myndu halda hópinn í útiverum, verkefnavinnu og ferðalögum, auk þess sem formlegt flæði var vikulega milli deilda og oft var óformlegt flæði þar sem börnin gátu fundið sér félag og sótt leikföng á milli. Samstarfið gekk vel þó nokkrir hnökrar hafi verið á, m.a. vegna þess að dagskipulag var ekki að fullu samræmt strax í haust. Mannauðurinn nýttist vel þvert á deildir með samverustundum, málörvunarstundum, söngstundum með gítarundirspili og slímgerð og tel ég að börnin hafi notið góðs af því að kynnast fleiri kennurum en ella. Farið var saman í KR og gekk það vel eins og ávallt.

Eldri árgangurinn fór á Barnakvikmyndahátíð í haust, farið var í ferðir á Þjóðminjasafnið í desember, í Norræna húsið að vori, í fjöruferð og ferð á ærslabelg á Seltjarnarnesi í júní.

Eldri árgangurinn vann verkefnið *Sýna og segja frá* í sameiningu en þá kom eitt barn af



Vatnsdagur

hverri deild með hlut að heiman til að sýna vinum sínum. Það gekk vonum framar og komu börnin með ýmislegt forvitnilegt og stóðu sig vel í að tjá sig frammi fyrir stórum hópi.



Í umbótaáætlun fyrri vetrar var að gera leikrýmið huggulegra og koma upp leshorni í innri stofu. Við nánari íhugun var það slegið út af borðinu vegna af leiksvæði deildarinnar þar sem börnin lásu mikið og bjuggu sér til notaleg skúmaskot hér og þar í rýminu eða settust í sófann. -Og svo er stutt í Notó.

Fjölgun deildarfunda voru einnig á umbótaáætlun fyrri vetrar og verða þar áfram því þeim fjölgaði ekki nógu mikið milli ára. Enn meira flæði var einnig á umbótaáætlun og var það gert, en það mun verða áfram á umbótaáætlun enda er flæði æði og mikill vilji í leikskólanum til að þróa það enn frekar. Listsköpun er á umbótaáætlun næsta vetrar líka, en vegna þess skarðs sem hoggið var í starfsmannahópinn í vor þarf deildarstjóri að girða sig í brók og taka við því kefli.

Það er margir óvissuþættir fyrir haustinu en ljóst er þó að ákveðið hefur verið að hafa deildirnar aldurshreinar aftur svo börnin séu nær hvert öðru í aldri en síðasta vetur. Vegna framkvæmda sem húsnæði Ægisborgar stendur frammi fyrir vitum við ekki hvar við verðum í haust og hvernig við röðum deildunum í húsnæðið þegar það hefur verið lagfært.

#### Umbótaþættir Bárudeildar fyrir 2025-2026

|             |
|-------------|
| Styrkleikar |
|             |
| Tækifæri    |
|             |

#### Umbótaþættir:

| Bárudeild                                              |                                                                                  |
|--------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                         | Uppeldis og menntastarf: Flæði                                                   |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>        | Að flæði verði markvissara og það verði ákveðnar stöðvar með umsjón starfsfólks. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b> | Starfsfólk verði sett á stöðvar áður en flæði hefst.                             |
| <b>Ábyrgð</b>                                          | Deildarstjórar þriggja deilda í stærra húsi.                                     |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>          | Ágúst 2025 – engin lok.                                                          |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>                    | Rætt í mati á starfi deilda á vormánuðum 2026.                                   |
| <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>              |                                                                                  |





| Bárudeild                                                                        |                                                                                |
|----------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                                                   | Stjórnun og skipulag: Reglulegir deildarfundir.                                |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>                                  | Deildarfundir haldnir oft en nú er þrír fyrir jól og þrír eftir jól.           |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                           | Setja í dagbók að hausti deildarfundir og halda sig við það þó það vanti fólk. |
| <b>Ábyrgð</b>                                                                    | Deildarstjóri.                                                                 |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                                    | Ágúst 2025 – maí 2026                                                          |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b><br><b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> | Talið í dagbók að vori hversu oft deildarfundir voru haldnir.                  |

| Bárudeild                                                                        |                                                                                                                       |
|----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                                                   | Uppeldi og menntastarf: Listsköpun                                                                                    |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>                                  | Listsköpun verði gert hærra undir höfði í daglegu starfi og börnin fái fleiri tækifæri til að skapa úr ýmsum efnivið. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>                           | Gefa listsköpun tíma og rými í dagskipulagi.                                                                          |
| <b>Ábyrgð</b>                                                                    | Deildarstjóri.                                                                                                        |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>                                    | Ágúst 2025 – maí 2026                                                                                                 |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b><br><b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> | Sjónræn skoðun á innviðum deildarinnar með tilliti til þess hvort aukning hefur orðið í listsköpun.                   |

#### 4.4 Innra mat Öldudeildar

Greinargerð Maríu Halldóru Jónsdóttur deildarstjóra.

Í haust var tekið á móti 23 börnum á Öldudeild, 17 strákum og 6 stelpum, öll fæddum árið 2019. Flest börnin voru kunnug staðhátum, þar þau komu af Báru- og Fjörudeild. Nokkrar breytingar voru í starfmannahópnum. Við fengum Söru af Fjörudeild og um haustið hóf Lilja Iren störf en þurfti frá að hverfa í mars, þar sem hún fór í fæðingarorlof. Í byrjun árs hóf Alfa Rós störf og stýrir nú skapandi



starfi deildarinnar. Lars bættist í hópinn í mars, sem var kærkomin viðbót og fyrirmynd fyrir drengina á deildinni.

Margt hefur verið brallað síðastliðinn vetur. Ægisborg hefur verið þátttakandi í samstarfsverkefni Erasmus+ , sem ber heitið *Leikur, nám og gleði*. Í október komu tveir kennarar úr Luxviken, samstarfsleikskóla okkar í Stokkhólmi, að heimsækja okkur í annað sinn. Börnin tóku vel á móti Ulrike og Johanna, sem þau kölluðu Múmínkennarana frá Svíþjóð. Við ákváðum að halda í Múmínþemað sem við höfum verið að vinna með en skipta um bók. *Múmínsnáðinn og Jónsmessuráðgátan* varð fyrir valinu vegna þess að Morrinn er einn af aðalpersónunum og hefur verið í uppáhaldi, bæði í Ægisborg og Luxviken. Svo mikið að honum var boðin vinna í Ægisborg og hóf störf í október, en mætir frekar stopult til starfa. „Hann talaði við okkur eitthvað svona múúúum. Hann fór inn í listasmiðju og svo fór hann út. Hann fékk lánaða húfu og vettlinga. Hann var að labba með okkur þar sem bekkurinn er og eitthvað svona að syngja. Það var gaman og hræðilegt.“ (Þegar Morrinn mætti í vinnuna). Í maí var þessu svo snúið við og fulltrúar Ægisborgar flugu til Stokkhólms og urðu að Múmínkennurum þar.



Grafa á bílastæðinu

Öldudeild  
heimsótti Alþingi  
og fræddist m.a.  
um ráðherra,  
forseta Alþingis  
og lýðræði.  
Húsið er fullt af  
allskonar  
listaverkum og  
fallegum rýmum.

Aðspurð sögðu börnin að það hafi verið gaman að skoða Alþingi, sérstaklega „Krónuna“ (Kringlan). Þau lærðu að það má ekki grípa fram í fyrir forsetanum og að „Alþingisstjórinn er með íslenska fánann fyrir aftan sig.“ Elstu leikskólabörnunum var að vanda boðið á sýningar í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu og kunnu vel að meta. Við skelltum okkur í líka í Þjóðminjasafnið fyrir jól og hittum Hurðaskelli.

Við tókum þátt í leikskólaverkefni á Barnamenningarhátíð, þar sem fjölmörg leikskólabörn, ásamt tónlistarskólabörnum, sungu og spiluðu lög eftir Braga Valdimar Skúlason. Söngæfingar hófust fljótlega eftir áramót og voru nánast daglega þegar nær dró tónleikadeginum stóra. Ein æfingin var í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og fylgdi henni kynning á hinum ýmsu hljóðfærum sem hægt er að læra

á þar. Við nýttum okkur tækifæri til samstarfs við nærliggjandi leikskóla og fórum á söngæfingar í leikskólunum Hagaborg og Gullborg. Það var gaman að fá að kíkja inn í aðra leikskóla og mörg börn hittu þar nágranna sína, fimleika-, fótbolta- og körfuboltafélaga. Upplifanir barnanna á tónleikunum voru mismunandi. „Fínt“, „gaman“, „smá gaman“, „ekki gaman“, „hefði viljað syngja Róa í Hörpu“ voru meðal svara barnanna um þær. Þetta gefur leikskólastarfinu mikið, þar sem þarf að æfa og leggja sig fram til að taka þátt í stórum viðburði finna til stolts á eftir. Við munum að sjálfsögðu stökkva á það tækifæri aftur.

Samstarf milli Grandaskóla, Gull- og Grandaborgar var endurvakið í fyrravetur og hélt áfram. Öldudeild fór í nokkrar heimsóknir í Grandaskóla og fór í íþróttir og gerði verkefni í samstarfi við fyrsta bekk. Allir aðilar eru ánægðir með samstarfið og mun það halda áfram næsta vetur.



Sköpun

Útskrift var haldin með pompi og prakt í byrjun júní og útskriftarverkefni, stuttmyndirnar „Dularfulli heimurinn“ og „Leitin að týndu Nike skónum“ voru frumsýndar og fengu einróma lof áhorfenda. Eftir athöfnina var haldið Pálínuboð í Ægisborg, þar sem hlaðborð var drekkhlaðið af kræsingum og fjölskyldur og kennarar áttu notalega stund saman.

Útskriftarferðin var sérstaklega vel heppnuð sökum einstakrar veðurblíðu. Við héldum með rútu upp í Guðmundarlund, með viðkomu í Hvalasafninu. Við grilluðum pylsur, lékum minigolf og rannsökuðum náttúruna. „Ég elska þessa ferð“, „þetta er besti dagurinn í lífinu mínu“ og „þetta er besti leikskóladagur lífs míns“ voru setningar sem heyrðust frá börnunum í ferðinni.

Samkvæmt umbótaáætlun síðasta vetur var ætlunin að bjóða elstu börnunum með í síðasta foreldrasamtal leikskólagöngunnar. Það var það eina sem gekk ekki eftir í þeirri áætlun og mun það færast yfir á þá næstu.

Ekki er hægt að komast hjá því að minnst á að næsta vetur verður farið í framkvæmdir í Ægisborg og óvíst hvar starfsemi Öldudeildar verður á meðan. Næsta vetur verða trúlega færri börn á deildinni og mögulega flytur Öldudeild í annað rými í húsinu og gæt t.d. skipt við Bárudeild um stað. Við reynum samt sem áður að halda í okkar gildi og ljóst er að verðandi Öldubörn eru spennt fyrir að verða þau elstu í leikskólanum. Að leika með holukubba, dýnur, legó og teikna, leika með póníhesta og í eldhúsleik er m.a. það sem þau sjá fyrir sér að gera næstkomandi vetur. Það verður örugglega oft gert og margt fleira skemmtilegt.



## Umbótaáætlun Öldudeildar 2025-2026

|             |
|-------------|
| Styrkleikar |
|             |
| Tækifæri    |
|             |

### Umbótaþættir:

| Öldudeild                                       |                                                                                                            |
|-------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Umbótaþáttur/matsþáttur                         | Uppeldis- og menntastarf                                                                                   |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?        | Að efla skapandi starf og vinna út frá hugmyndum barnanna. -Að gera sköpun barnanna sýnilegri á deildinni. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Að hafa reglulega skapandi stundir.                                                                        |
| Ábyrgð                                          | Deildarstjóri                                                                                              |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?          | September - Júní                                                                                           |
| Hvenær og hvernig á að meta?                    | Vor 2026<br>Metið á deildarfundum hvernig hefur gengið.                                                    |

| Umbótaþáttur/matsþáttur                         | Uppeldis- og menntastarf                                                               |
|-------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?        | Flæði. Að flæði verði markvissara og það verði ákveðnar stöðvar með umsjón starfsfólks |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Starfsfólk verði sett á stöðvar áður en flæði hefst.                                   |
| Ábyrgð                                          | Deildarstjórar                                                                         |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?          | Ágúst 2025 – engin lok. En lok innleiðingarferlis verður í maí 2026                    |
| Hvenær og hvernig á að meta?                    | Rætt í mati á starfi á vormánuðum 2026.                                                |



| Deild/aldur barna                                      |                                                                             |
|--------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                         | Skipulag                                                                    |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>        | Foreldra og barnaviðtöl -Að börnin taki þátt í sínu síðasta foreldraviðtali |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b> | Börn fá spurningar með heim, svara með foreldrum og mæta með í viðtal.      |
| <b>Ábyrgð</b>                                          |                                                                             |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>          | Vor 2026                                                                    |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>                    | Gert eða ekki gert.                                                         |

|                                                        |                                                                                              |
|--------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>                         | Uppeldis og menntastarf                                                                      |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>        | Lubbastundir til að bregðast við framburðarvanda barna. Að aðstoða börn með framburðarvanda. |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b> | Nota „Lubbi finnur málbein“ og hafa reglulegar Lubbastundir. Setja markmið fyrir hvert barn. |
| <b>Ábyrgð</b>                                          | Sérkennslustjóri og deildarstjóri.                                                           |
| <b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>          | Haut - vor                                                                                   |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>                    | Markmiði náð/ekki náð.                                                                       |



*Snúður og Morrinn á röltinu*

#### 4.5 Innra mat Sérkennsludeildar

##### Greinagerð Bjarkar Bjarkadóttur sérkennslustjóra.

Sérkennsluveturinn einkenndist aðallega að þrennu. Í fyrsta lagi fylgdi farsældarlögum og nýju verklagi og nýjum skjala- og fundareglum. Sérkennslustjóri sótt fræðslu þessu tengdu sem tengiliður farsældar hjá leikskólanum og tók þátt í samráðsfundum tengiliða og málstjóra farsældar á Vesturmiðstöð. Í öðru lagi tók til starfa lausnarteymi en í því sitja sérkennslustjóri, leikskólastjóri, deildarstjórar og svo fulltrúar frá skólaþjónustu á Vesturmiðstöð. Lausnateymisfundirnir voru bæði góðir og gagnlegir og festu sig í sessi í vetur. Á þessum fundum er staða barna kortlögð og leitað



*Litatilraun*

lausna sem og handleiðsla til kennara. Mál sem ekki var hægt að leysa með úrlausnum lausnateymis og þörfuðust frekari vinnslu voru send með samþykki foreldra til skólaþjónustu til vinnslu þar. Foreldrar gátu líka óskað eftir að hitta sálfræðing, talmeinafræðing eða

hegðunarráðgjafa. Í þriðja lagi einkenndist veturinn af mannabreytingum af misjafnlega heppilegum ástæðum. Gleðilega komu tveir kennarar til baka úr fæðingarorlofi en sérkennslustjóri þurfti að vera frá vegna beinbrots og brjós-kloss. Þá skipti miklu máli að sérkennsluteymið var skipað frábæru fólki og Steinunn Sandra Guðmundsdóttir, fyrrum deildarstjóri á Fjörudeild, leysti sérkennslustjóra af á meðan. Hún stóð sig frábærlega og einnig lyfti Auður Inez grettistaki og náði sérkennsluteymið að halda öllum boltum á lofti. Guðrún Þroskaþjálfari lét af störfum í september og fór á eftirlaun og Steinunn hætti í mars og óskum við þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

En alltaf leggst Ægisborg eitthvað gott til. Við fengum til liðs við okkur atferlisfræðing í hlutastarf um tíma og fræddi hún okkur um snemmtæka atferlisíhlutun og skráningar. Á umbótaáætlun næsta vetrar er að fræðast meira um atferlisfræði. Búið er að ráða atferlisfræðing í fullt starf í ágúst og hlökkum við til samstarfsins. Einnig kom klínískur atferlisfræðingur á vegum foreldra til okkar í vor og sumar og kraftaverkin gerast þegar allir vinna saman við að styðja barnið til að ná árangri, heima og í leikskólanum.

Níu börn voru með stuðning frá sérkennsluteyminu í vetur. Tvö börn fóru í greiningarferli hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og fylgdi því mikil myndbandavinna og skýrslugerð. Fjórir kennarar voru í fullu starfi ásamt sérkennslustjóra og tveir í hlutastarfi. Verkefnið voru margvísleg en eins og áður var reynt að sinna einstaklingsþjálfun sem mest inn á deild í hópi jafnaldra. Stundum þurfti sérstundir eða að vinna í fámennum hópi. Samþætting áhugasviðs, skapandi starfs og sérkennslu skilaði góðu starfi. Þá gátu börnin nýtt efnivið leikskólans til að sinna sínum hugðarefnum. Snemmtæk íhlutun hefur ætíð verið höfð að leiðarljósi í teyminu og gripið inn í sem fyrst sé þess talin þörf. Börn eiga einstaklingsnámskrá en barnið sjálft er í forgrunni og kennslan sem mest felld inn í daglegt líf þess. Við styðjumst við í AEPS-matskerfið við gerð einstaklingsnámskráa. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og sérkennslu við gerð markmiða í henni. Sérkennsluteymið býr til myndrænt skipulag fyrir deildirnar, börnin og foreldra eftir þörfum og óskum þeirra og félagshæfnisögnar eru margar eftir veturinn. Þær eru gerðar að beiðni foreldra og deildarstjóra. Hljóðkerfisskimunin Hljóm-2 er lögð fyrir elstu börnin að hausti í því skyni að greina og vinna með þeim sem gætu átt hættu á lestrarerfiðleikum síðar. Niðurstöðurnar fylgja börnunum í grunnskólann. EFI-2 málþroskamát er lagt fyrir þau börn sem þess þurfa þegar þau eru orðin rúmlega þriggja ára. TRAS er einnig notað til skráningar á málþroskastöðu. Sérkennsluteymið hefur meðal annars stuðst við námsefnið *Lubbi finnur málbein* til að hjálpa börnum með framburðarvanda. Áhersla verður á Lubbastundir með Öldudeild næsta vetur og er það á umbótaáætlun. Deildarstjóri og sérkennsluteymið funduðu svo í byrjun sumars með grunnskólanum um skil á börnum þangað.



Allir tímar eru leiktímar ef  
ímyndunaraflíð fær að njóta sín!

Við áttum eins og áður í mjög góðu samstarfi við skólaþjónustuna á Vesturmiðstöð. Teymisfundir voru haldnir á sex til átta vikna fresti með foreldrum og ráðgjöfum Vesturmiðstöðvar, þar hafa talmeinafræðingar, sálfræðingur, hegðunar- og sérkennsluráðgjafar veitt okkur og foreldrum ómetanlega ráðgjöf börnunum til heilla.

Endurmenntun og símenntun er nauðsynlegur þáttur í öfluglu leikskólastarfi og starfsmenn sérkennsluteymisins voru duglegir að sækja slík námskeið í vetur til að styrkja sig í starfinu með börnunum. Þar má nefna grunnnámskeið um einhverfu, námskeið um snemmtæka atferlisíhlutun, PECS myndrænt boðskiptakerfi,

námskeið um fæðuvanda og íhlutun og *Widget Online* myndrænt dagskipulag. Sérkennslustjóri sótti samráðsfundi sérkennslustjóra í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra hjá Miðju máls og læsis. Sérkennslustjóri fór líka á leiðbeinenda- og ráðgjafanámskeiðið *Uppeldi sem virkar* í vetur og annar sérkennari ætlar á það næsta haust.



Í umbótaáætlun síðasta vetrar var lagt upp með að koma lausnateymisfundum á koppinn með því að virkja lausnateymið. Skemmst er frá því að segja að það lánaðist að fullu og er orðið virkt og skilar árangri. Þrír lausnateymisfundir voru haldnir í vetur en því miður náðist ekki að funda með öllum stjórnendum leikskólans fyrir síðasta fundinn og undirbúa hann nóg samlega vel.

#### Umbótaáætlun Sérkennsludeildar 2025 – 2026

| Styrkleikar                                                                                                                          |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mannauður, hefð og vönduð vinnubrögð. Reynt fólk í bland við nýrra. Hátt menntunarstig og góð samvinna.                              |
| Tækifæri                                                                                                                             |
| Undirbúningur fyrir lausnateymisfundi má ekki falla niður.<br>Miðla þekkingu um Betri borg fyrir börn og út á hvað verkefnið gengur. |

#### Umbótaþættir næsta vetrar

| Sérkennsludeild                                        |                                                                              |
|--------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Uppeldi og menntastarf -sérkennsla</b>              | Lubbastundir á Öldudeild                                                     |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>        | Koma til móts við framburðarvanda margra barna á deildinni.                  |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b> | Hafa Lubbastundir fyrir öll börnin tvisvar í viku.                           |
| <b>Ábyrgð</b>                                          | Deildarstjórar sérkennslu og Öldudeildar.                                    |
| <b>Hvenær hefst og áætluð lok?</b>                     | September 2025 – maí 2026                                                    |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>                    | Skrá fjölda og meta árangur á deildarfundum í nóvember og á matsdegi 4. maí. |

| Sérkennsludeild                                        |                                                                                                                                                               |
|--------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Uppeldi og menntastarf -sérkennsla</b>              | Góð þekking starfsmanna sérkennslu á atferlisfræðum og almenn þekking meðal annarra starfsmanna.                                                              |
| <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>        | Gera allt starfsfólk meðvitað um út á hvað atferlisfræði ganga og hvernig aðferðum er beitt.                                                                  |
| <b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b> | Starfsfólk sérkennslu fer á námskeiðið Snemmtæk atferlisíhlutun hjá Ráðgjafar og greiningarstöð.<br>Erindi og fræðsla á skipulagsdegi í september og nóvember |
| <b>Ábyrgð</b>                                          | Deildarstjóri sérkennslu                                                                                                                                      |
| <b>Hvenær hefst og áætluð lok?</b>                     | September 2025 – maí 2026                                                                                                                                     |
| <b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>                    | Var gert? Fór sérkennslufólk á námskeiðið og kannað að vori meðal starfsfólks hvort fræðsla hafi skilað sér.                                                  |



## 5 Umbótaáætlun 2024-2025

Umbótaáætlun er í kafla 3 og fylgir hverri deild á eftir greinargerð deildarstjóra.

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fara fram frá október til febrúar – sjá umbótaþátt bls. 12. Leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri bjóða starfsmönnum upp á starfsviðtal, þar sem rætt verður um líðan og nálgun í starfi. Með það að markmiði að starfsmaðurinn fái frekar og betur notið sín í Ægisborg. Viðtölin verða undirbúin með punktum og niðurstöður dregnar saman í lok viðtals.

## 7 Samstarf við grunnskóla og frístund

Grandaskóli er samstarfsskóli Ægisborgar. Í vetur fóru börnin í nokkrar heimsóknir þangað. Venjulega fer góður hluti elstu barna Ægisborgar í Melaskóla að hausti. Þess vegna er farið í eina heimsókn þangað á vordögum. Börnin fengu einnig að skoða frístundina Selið. Slík heimsókn er okkur afar kærkomin þrátt fyrir að Grandaskóli sé samstarfsskóli Ægisborgar. Nú í haust brá hins vegar svo við að langflest barnanna fóru í Grandaskóla.

Einhverra hluta vegna komu fyrstu bekkingar Grandaskóla ekki í heimsókn sem venjan er, en á aðventu fór Öldudeild í Grandaskóla í samsöng. Í febrúar fóru svo leikskólabörnin á bókasafn

Grandaskóla, fengu að fara inn í skólastofur og tóku þátt í samsöng. Í apríl fóru elstu börnin í íþróttatíma sem er alltaf fjör og öðru vísi en KR ferðirnar með leikskólanum. Í maí fóru svo börnin inn í skólastofur, unnu verkefni í tengslum við bókina Blómin á þakinu, borðuðu nesti og fengu að taka þátt í frímínútum sem er auðvitað mikil lífsreynsla.



Grandaskóli

Á haustdögum hittast deildarstjórar Grandaskóla og Öldudeildar og smíða verklag fyrir samstarf skólanna komandi vetur. Venjulegast er byggt á þessum verkefnum/heimsóknunum sem hér er getið að framan.



*Kaffimorgunn í sal. Foreldrar fá sé kaffitár eða grautarspón með barni sínu. Stutt stopp þegar tækifæri gefst.*

## 8 Foreldrasamvinna

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 3 fulltrúar. Ráðið er m.a. ráðgefandi um starfsáætlun, sumarlokun og annað sem viðkemur breytingum á starfsemi er lagt fyrir foreldraráð. Ráðið hefur fundað í nokkur skipti með leikskólastjóra og reynst Ægisborg stoð og stytta í því húsnæðisfári sem riðið hefur yfir. Liðsinni foreldraráðs er afar dýrmætt.

Foreldraráð 2024-2025 skipuðu: Bryndís Eir Kristinsdóttir, Halla María Ólafsdóttir og Stefanía Dögg Jóhannesdóttir. Nýtt ráð verður skipað að hausti.

Foreldrafélag Ægisborgar er góð viðbót við leikskólalífið og stendur að nokkrum viðburðum ár hvert. Helst ber að nefna jólaball fyrir börn og foreldra, vorheimsókn í sveit og sumaráhátíð, fyrir utan annað sem til fellur. Formaður foreldrafélagsins er Arna Hauksdóttir.



## Skipulagsdagar í Ægisborg verða eftirfarandi:

22. ágúst

2. október -

*sameiginlegur í skólum*

*Vesturbæjar*

14. nóvember

6. febrúar -

*sameiginlegur í skólum*

*Vesturbæjar*

17. mars

4. maí – sameiginlegur

*í skólum Vesturbæjar*

Foreldrar hafa tekið þátt í mörgum viðburðum liðið starfsár, en helst ber að nefna aðventukaffi, foreldraviku í byrjun janúar, vöflukaffi að vori, bóndadagskaffi (en konudagskaffi féll niður vegna viðgerða í sal), KR-sýningar, útskriftarhátíð að ógleymdum hinum valfrjálsu kaffistundum fimmtudagsmorgna, sem eru að verða mjög vinsælar.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Hér til hliðar má sjá skipulagsdaga í Ægisborg komandi starfsár. Sumarlokun sumarið 2026 verður 6. júlí – 3. ágúst að báðum dögum meðtöldum, með fyrirvara. Í gangi er tilraunaverkefni í austurhluta borgarinnar sem gengur út á það að elstu börn leikskólans fara í frístund í júní og á þessari stundu er ekki vitað hvernig næsta sumar verður hjá okkur. Ægisborg opnar aftur þriðjudaginn 3. ágúst ef allt fer sem venjulega. Skipulagsdagatal verður best skoðað í Völuappi foreldra, en vitanlega eru þar sumar dagsetningar með fyrirvara. Sem dæmi má nefna að við færum íþróttahátíð eftir veðri og útskrift eftir því hvenær við getum fengið hentugan sal.

Þá er þessari starfsáætlun lokið og tilhlökkunin tekur við.

F. h. Ægisborgar, Ásmundur K. Örnólfsson





## 10 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





## Fylgiskjal

# Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXXX





## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





# Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Ægisborg**

| ÁGÚST |                                        | SEPTEMBER |                                | OKTÓBER |                    | NÓVEMBER |                                           | DESEMBER |                          | JANÚAR |                         | FEBRÚAR |                                     | MARS |                      | APRÍL |                      | MAÍ  |                    | JÚNÍ |                      | JÚLÍ |                              |
|-------|----------------------------------------|-----------|--------------------------------|---------|--------------------|----------|-------------------------------------------|----------|--------------------------|--------|-------------------------|---------|-------------------------------------|------|----------------------|-------|----------------------|------|--------------------|------|----------------------|------|------------------------------|
| 1 F   |                                        | 1 M       |                                | 1 M     |                    | 1 L      |                                           | 1 M      | Fullveldisdagurinn       | 1 F    | Nýársdagur              | 1 S     |                                     | 1 S  |                      | 1 M   | Skráningardagur      | 1 F  | Verkalýðsdagurinn  | 1 M  |                      | 1 M  |                              |
| 2 L   |                                        | 2 Þ       |                                | 2 F     | Skipulagsdagur     | 2 S      |                                           | 2 Þ      |                          | 2 F    |                         | 2 M     | Foreldravika                        | 2 M  | Foreldraviðtöl Koti  | 2 F   | Skirdagur            | 2 L  |                    | 2 Þ  |                      | 2 F  |                              |
| 3 S   |                                        | 3 M       |                                | 3 F     |                    | 3 M      |                                           | 3 M      | Adventukaffi kl. 15      | 3 L    |                         | 3 Þ     | Foreldravika                        | 3 Þ  |                      | 3 F   | Föstudagurinn langi  | 3 S  |                    | 3 M  |                      | 3 F  |                              |
| 4 M   | Frídagur verslunarmarkaðs              | 4 F       |                                | 4 L     |                    | 4 Þ      |                                           | 4 F      |                          | 4 S    |                         | 4 M     | Foreldravika                        | 4 M  |                      | 4 L   |                      | 4 M  | Skipulagsdagur     | 4 F  |                      | 4 L  |                              |
| 5 Þ   | Ægisborg opnar eftir sumarleyfi        | 5 F       |                                | 5 S     |                    | 5 M      |                                           | 5 F      |                          | 5 M    | Bókavika í Ægisborg     | 5 F     | Foreldravika                        | 5 F  |                      | 5 S   | Páskadagur           | 5 Þ  |                    | 5 F  |                      | 5 S  |                              |
| 6 M   |                                        | 6 L       |                                | 6 M     |                    | 6 F      |                                           | 6 L      |                          | 6 Þ    | Þrettándinn             | 6 F     | Skipulagsdagur<br>Dagur leikskólans | 6 F  |                      | 6 M   | Annar í Páskum       | 6 M  |                    | 6 L  |                      | 6 M  | Ægisborg lokar vegna sumarl. |
| 7 F   |                                        | 7 S       |                                | 7 Þ     |                    | 7 F      |                                           | 7 S      |                          | 7 M    |                         | 7 L     | Dagur tónlistarskólans              | 7 L  |                      | 7 Þ   |                      | 7 F  |                    | 7 S  | Sjómanna dagurinn    | 7 Þ  |                              |
| 8 F   |                                        | 8 M       | Dagur læsis<br>Læsisvika hefst | 8 M     |                    | 8 L      | Baráttudagur gegn einelti                 | 8 M      |                          | 8 F    |                         | 8 S     |                                     | 8 S  |                      | 8 M   |                      | 8 F  |                    | 8 M  | Vatnsvika hefst      | 8 M  |                              |
| 9 L   |                                        | 9 Þ       |                                | 9 F     |                    | 9 S      |                                           | 9 Þ      |                          | 9 F    |                         | 9 M     |                                     | 9 M  | Foreldraviðtöl Öldu  | 9 F   |                      | 9 L  |                    | 9 Þ  |                      | 9 F  |                              |
| 10 S  |                                        | 10 M      |                                | 10 F    |                    | 10 M     | Baráttudagur gegn einelti                 | 10 M     |                          | 10 L   |                         | 10 Þ    |                                     | 10 Þ |                      | 10 F  |                      | 10 S |                    | 10 M | Skólaslit grunnskóla | 10 F |                              |
| 11 M  |                                        | 11 F      |                                | 11 L    |                    | 11 Þ     |                                           | 11 F     |                          | 11 S   |                         | 11 M    | Dagur íslenska táknmálsins          | 11 M |                      | 11 L  |                      | 11 M |                    | 11 F |                      | 11 L |                              |
| 12 Þ  |                                        | 12 F      |                                | 12 S    |                    | 12 M     |                                           | 12 F     | Stekkja-Staur kom í nótt | 12 M   |                         | 12 F    |                                     | 12 F |                      | 12 S  |                      | 12 Þ |                    | 12 F |                      | 12 S |                              |
| 13 M  |                                        | 13 L      |                                | 13 M    |                    | 13 F     |                                           | 13 L     | Giljagaur                | 13 Þ   |                         | 13 F    |                                     | 13 F |                      | 13 M  |                      | 13 M | Vöflukaffi kl. 15  | 13 L |                      | 13 M |                              |
| 14 F  |                                        | 14 S      |                                | 14 Þ    |                    | 14 F     | Skipulagsdagur                            | 14 S     | Stúfur                   | 14 M   |                         | 14 L    |                                     | 14 L | Dagur stærðfræðinna  | 14 Þ  |                      | 14 F | Uppstigningardagur | 14 S |                      | 14 Þ |                              |
| 15 F  |                                        | 15 M      |                                | 15 M    |                    | 15 L     |                                           | 15 M     | Þvörusleikir             | 15 F   |                         | 15 S    |                                     | 15 S |                      | 15 M  |                      | 15 F |                    | 15 M |                      | 15 M |                              |
| 16 L  |                                        | 16 Þ      | Dagur íslenskrar náttúru       | 16 F    |                    | 16 S     | Dagur íslenskrar tungu                    | 16 Þ     | Pottaskefill             | 16 F   |                         | 16 M    | Bolludagur                          | 16 M | Foreldraviðtöl Bára  | 16 F  |                      | 16 L |                    | 16 Þ |                      | 16 F |                              |
| 17 S  |                                        | 17 M      |                                | 17 F    |                    | 17 M     | Dagur íslensk. tungu haldinn hátíðl. í Æb | 17 M     | Askasleikir              | 17 L   |                         | 17 Þ    | Sprengidagur                        | 17 Þ |                      | 17 F  |                      | 17 S |                    | 17 M | Lýðveldisdagurinn    | 17 F |                              |
| 18 M  |                                        | 18 F      |                                | 18 L    |                    | 18 Þ     |                                           | 18 F     | Litlu jólin              | 18 S   |                         | 18 M    | Öskudagur                           | 18 M |                      | 18 L  |                      | 18 M |                    | 18 F | Hreyfidagar hefst    | 18 L |                              |
| 19 Þ  |                                        | 19 F      |                                | 19 S    |                    | 19 M     |                                           | 19 F     | Skyrgámur                | 19 M   |                         | 19 F    | Skráningardagur                     | 19 F |                      | 19 S  |                      | 19 Þ |                    | 19 F |                      | 19 S |                              |
| 20 M  |                                        | 20 L      |                                | 20 M    |                    | 20 F     | Dagur mannréttinda                        | 20 L     | Þjúgnakrækir             | 20 Þ   |                         | 20 F    | Skráningardagur                     | 20 F | Skipulagsdagur       | 20 M  | Bókavika í Ægisborg  | 20 M |                    | 20 L |                      | 20 M |                              |
| 21 F  |                                        | 21 S      |                                | 21 Þ    |                    | 21 F     |                                           | 21 S     | Gluggagægir              | 21 M   |                         | 21 L    |                                     | 21 L |                      | 21 Þ  | Barnameningarhátíð   | 21 F |                    | 21 S |                      | 21 Þ |                              |
| 22 F  | Skipulagsdagur<br>Skóasetn. grunnskóla | 22 M      |                                | 22 M    | Bleikur dagur      | 22 L     |                                           | 22 M     | Gáttabefur               | 22 F   |                         | 22 S    | Konudagur - upphaf                  | 22 S |                      | 22 M  | Barnameningarhátíð   | 22 F | Umhverfis dagur    | 22 M |                      | 22 M |                              |
| 23 L  |                                        | 23 Þ      |                                | 23 F    |                    | 23 S     |                                           | 23 Þ     | Þorláksmessa             | 23 F   | Þorablót/Bóndadagskaffi | 23 M    |                                     | 23 M | Foreldraviðtöl Fjara | 23 F  | Sumardagurinn fyrsti | 23 L |                    | 23 Þ | Íþróttahátíð Æb      | 23 F |                              |
| 24 S  |                                        | 24 M      |                                | 24 F    | Skráningardagur    | 24 M     |                                           | 24 M     | Aðfangadagur jóla        | 24 L   |                         | 24 Þ    |                                     | 24 Þ |                      | 24 F  | Barnameningarhátíð   | 24 S | Hvítasunnudagur    | 24 M |                      | 24 F |                              |
| 25 M  |                                        | 25 F      |                                | 25 L    | Fyrsti vetrardagur | 25 Þ     |                                           | 25 F     | Jóladagur                | 25 S   |                         | 25 M    |                                     | 25 M |                      | 25 L  |                      | 25 M | Annar í Hvítasunnu | 25 F |                      | 25 L |                              |
| 26 Þ  |                                        | 26 F      | Evrópski tungumálad.           | 26 S    |                    | 26 M     |                                           | 26 F     | Annar í jölum            | 26 M   |                         | 26 F    |                                     | 26 F |                      | 26 S  |                      | 26 Þ |                    | 26 F |                      | 26 S |                              |
| 27 M  |                                        | 27 L      |                                | 27 M    | Skráningardagur    | 27 F     | Vasaljósadagur                            | 27 L     |                          | 27 Þ   |                         | 27 F    |                                     | 27 F |                      | 27 M  |                      | 27 M |                    | 27 L |                      | 27 M |                              |
| 28 F  |                                        | 28 S      |                                | 28 Þ    | Skráningardagur    | 28 F     |                                           | 28 S     |                          | 28 M   |                         | 28 L    |                                     | 28 L |                      | 28 Þ  |                      | 28 F |                    | 28 S |                      | 28 Þ |                              |
| 29 F  |                                        | 29 M      |                                | 29 M    |                    | 29 L     |                                           | 29 M     | Skráningardagur          | 29 F   |                         |         |                                     | 29 S | Pálmásunnudagur      | 29 M  |                      | 29 F |                    | 29 M |                      | 29 M |                              |
| 30 L  |                                        | 30 Þ      |                                | 30 F    |                    | 30 S     |                                           | 30 Þ     | Skráningardagur          | 30 F   |                         |         |                                     | 30 M | Skráningardagur      | 30 F  |                      | 30 L |                    | 30 Þ |                      | 30 F |                              |
| 31 S  |                                        |           |                                | 31 F    |                    |          |                                           | 31 M     | Gamlársdagur             | 31 L   |                         |         |                                     | 31 Þ | Skráningardagur      |       |                      | 31 S |                    |      |                      | 31 F |                              |

Í reglum um leikskólaláðjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjórnir ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.